

Námsáætlun

Kennarar : Jóhanna M, Tryggvadóttir johannamt@fg.is
Sari M. Cedergren sari@fg.is

Áfangi: MYNL3LO05 Lokaverkefni

Áfangalýsing:

Fyrstu vikurnar eiga nemendur að kynna sér mismunandi listsköpun hjá innlendum og erlendum myndlistarmönnum og kynna þá stuttlega fyrir samnemendum. Samtímis vinna þeir stutt verkefni þar sem áhersla er á allskyns skissu og hugmyndavinnu með mismunandi aðferðum undir handleiðslu kennara. Síðan taka nemendur ákvörðun út frá hvaða þema eða hugmynd þeir ætla að vinna lokaverkefnið og hvaða efni og tækni þeir ætla að nota.

Nemendur vinna skriflega dagbók/verkáætlun þar sem þeir skrá allt vinnuferlið og hugmyndir sem koma upp á vinnutímanum, viku eftir viku inn í google drive þar sem kennarar gefa hverjum og einum persónulega endurgjöf.

Nemendur vinna mikið sjálfstætt en eiga að notfæra sér kennarann í öllu ferlinu til að ræða um hugmyndir og útfærslu lokaverksins.

Í lok áfangans skila þeir lokagreinagerð með öllum helstu upplýsingum um gerð lokaverksins, forsendum fyrir vali á lokaverkefni, og hvaða hugmyndir séu að baki verkinu og lýsingu á öllu ferlinu.

Þótt nemendur vinni mikið sjálfstætt er mikil áhersla lögð á samvinnu þar sem markmiðið er að vinna að samsýningu í lok annar þar sem allir fá að njóta sín.

Nemendur skipuleggja lokasýningu í samráði við kennara. Einnig er stefnt að því að nemendur setji saman stafræna samsýningu.

Markmið:

Þekking

Nemandinn skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Hvernig vinna á listaverk alveg frá grunnhugmynd og til lokaútfærslu
- Hvernig vinnuferli er skrásett og komið til skila á skýran hátt
- Hvernig setja á upp samsýningu

Leikni

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna fullhugað listaverk, frá hugmynd til fullunnins verks
- Setja eigin verk og hugmyndir saman í persónulega hugmyndabók
- Setja upp myndlistarsýningu ásamt öðrum

Hæfni

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Stunda nám í myndlist og myndlistartengdu námi á háskólastigi

Námsmat:

Öll verkefni, skrifleg og verkleg, verkáætlun, dagbók/verkáætlun, lokagreinagerð, skissubók og lokaverkið sjálft verða metin með tilliti til sjálfstæðis, samvinnu, tækni, fagurfræði, hugmyndaauðgi, áræðni, vinnusemi og vinnubragða.

Smærri verkefni í byrjun annar	10%
Dagbók/Verkáætlun	15%
Lokaverk/skissubók	50%
Greinargerð	10%
Ástundun/sjálfsmat/samvinna/sýning	15%

ATH að við mat í þessum lokaáfangum eru 2 prófdómarar fyrir utan kennara áfangans.

ATHUGIÐ!

Mætingarskylda er 87% samkvæmt reglum skólans. Raunmæting má ekki fara fyrir neðan 70%. Lágmarkseinkunn er 5 til þess að ná áfanganum.